

Borgarráð 27. júlí 2023: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflókks Íslands um að óska upplýsinga frá Isavia um umferð um Reykjavíkurlugvöll MSS23070098

Lagt er til að borgarráð samþykki að óska eftir því að Isavia útvegi sundurliðaða tölfræði yfir umferðina um Reykjavíkurlugvöll hvern mánuð fyrir sig, undanfarin tíu ár. Lagt er til að óskað verði eftir yfirliti yfir fjölda farþegaflugvéla í áætlunarflugi innanlands, þyrluflugi Landhelgisgæslunnar, afþreyingarflugi með þyrlum, flugi einkaþotna, skemmtiflugi smávéla o.s.frv. auk upplýsinga er óskað um fjölda flugtaka og landinga. Með upplýsingar sem þessar í höndunum er hægt að átta sig betur á því hvar mesti umferðarþungi flugvallarins liggur.